

Titill: Þroskasálfræði

Skammstöfun: SÁLF2BP05

Námsgrein: Sálfræði

Viðfangsefni: Þroskasálfræði

Prep: 2

Einingafjöldi: 5

Lýsing:

Kynning á þroskasálfræði, hugtökum hennar og helstu álitamálum, t.d. hlut erfða og umhverfis við mótun mannlegra eiginleika. Fjallað er um þroskaferillinn frá getnaði fram á fullorðinsár. Lítillega er farið í sögulegan bakgrunn þroskasálfræðinnar og helstu rannsóknaraðferðir hennar. Nemendur fá innsýn í hver eru meginþekkingaratriði líkamsþroska, vitsmunþroska, félags- og tilfinningaþroska. Farið er í tilfinningagreind og fjölgreindakenningu Howards Gardner og hvernig hún tengist skólasterfi. Einnig eru greindarpróf kynnt og sagt frá helstu greindarprófum sem hafa verið notuð fyrir íslensk börn. Að auki er fjallað um geð- og þroskaraskanir barna og unglunga, s.s. ADHD, einhverfu og kvíða. Áhrif vanrækslu á þroska barna eru skoðuð og hvernig foreldrar og samskipti við foreldra getur haft áhrif á þroska barna.

Forkröfur: SÁLF2AA05

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- sögulegum bakgrunni þroskasálfræðinnar og hvernig hún verður til sem vísindagrein
- viðfangsefnum og helstu meginþekkingum þroskasálfræðinnar
- rannsóknaraðferðum þroskasálfræðinnar, kostum þeirra og göllum
- helstu kenningum í þroskasálfræði
- meginþekkingum þroskaferilsins, svo sem líkamsþroska, vitsmunþroska, félagsþroska, tilfinninga- og persónuleikaþroska og kenningum þar að lútandi
- þroska- og geðröskunum barna og unglunga
- hvað mótar sjálfsmynd
- siðareglum sem gilda í nútímarannsóknum þar sem börn koma við sögu

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- greina merki andlegrar vanlíðanar hjá börnum og ungmönnum
- skoða kenningar í þroskasálfræði og tengja þær við eigin lífsferil í fortíð, nútíð og framtíð
- leita upplýsinga og afla þekkingar á sviði þroskasálfræði
- gera greinarmun á fræðilegum heimildum og léttvægum heimildum
- vinna að sjálfstæðu rannsóknarverkefni sem tengist efni áfangans
- beita vísindalegri hugsun og vinnubrögðum

- framfylgja helstu siðareglum sem gilda við rannsóknir á börnum
- tjá kunnáttu sína í þroskasálfræði bæði í ræðu og riti

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- átta sig á því að hve miklu leyti líffræðilegir, vitsmunalegir, og félagslegir þættir móta hegðun og persónuleikaþroska
- meta sálfræðilegar rannsóknir (þ.e. kenningar og athuganir) með tilliti til þroskasálfræði
- setja fram eigin rannsóknarniðurstöður og annarra með gagnrýnum hætti
- taka gagnrýni með jákvæðum og opnum huga
- átta sig á því að hvaða leyti hugsun og þroski barna er frábrugðin fullorðinna
- gera sér grein fyrir því hvað megi bjóða börnum og hvaða kröfur er hægt að gera til þeirra

Námsmat: Tímaverkefni, tímapróf, greinargerð og munnleg skýrsla, skrifleg verkefni og lokapróf